

Alþingi
Erindi nr. P 135/1947
komudagur 1.4.2008



Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurvelli 8-10
150 REYKJAVÍK

1. apríl 2008

**Efni: Viðbótarumsögn SVP vegna frumvarps til laga um lyfjalög,
464.mál**

Fulltrúar lyfsala innan SVP hafa óskað eftir því að vakin verði athygli á eftirfarandi:

Sérstök reglugerð fjallar um meðferð og sölu lausasölu lyfja sem er úttektarskyld starfsemi af Lyfjastofnun, sem innheimtir í dag veltuengd eftirlitsgjöld til Lyfjastofnunar. Eðlilegt verður að velta nikótín- og flúorlyfja verði undanþegin þessum veltugrunni þannig að apótek sitji við sama borð og smásalan ef frumvarpið verður samþykkt.

Leggja þarf áherslu á að reglugerð varðandi póstverslun verði tilbúin tímanlega fyrir gildistöku laganna þar sem m.a. er tekin af allur vafi um það hvernig að merkingu, pökkun og sendingu skuli staðið og hvar ábyrgð apóteksins liggur, svo og ábyrgð flutningsaðilans.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri